



Dalvíkurbyggð,
c/o Íris Hauksdóttir,
Ráðhúsi,
620 Dalvíkurbyggð.

Kópavogi, 31. maí 2022

Efni: Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2022.

Á fundi stjórnar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þann 20.maí sl. voru samþykktar styrkveitingar til 12 aðila, samtals að upphæð 6,4 milljónir króna.

Við afgreiðslu umsóknanna var farið eftir 11. gr. Starfsreglna stjórnar EBÍ um hæfi stjórnarmanna til að fjalla um mál.

Það er félaginu mikil ánægja að tilkynna að sveitarfélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 300.000.- vegna verkefnisins „Austur á sand - upplýsingaskilti„.


Upphæðin verður lögð inn á reikning sveitarfélagsins þann 31. maí 2022.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins og ráðstöfun ofangreindra fjármuna fyrir 1. mars á næsta ári. Er þetta í samræmi við 8. gr. reglna sjóðsins en þar segir að sveitarfélag geti ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um verkefnið hefur ekki verið skilað inn.

Það er ósk okkar að þessi styrkveiting stuðli að því að framgangur verkefnisins verði með þeim hætti sem forráðamenn þess vonast til.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS


Sigrún Sveinbjörnsdóttir
fulltrúi.